

Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

2.fundur skólaráðs haldinn mánudaginn 16. maí kl. 16:15. Haldinn í kennslustofu 4. bekkjar í færanlegu kennsluhúsnæði skólans.

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, María Ósk Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Eyrún Óskarsdóttir fulltrúi kennara í forföllum Guðnýjar Láru Gunnarsdóttur, Bergdís Bergsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna í forföllum Soffíu Magnúsdóttur og Guðjón Bjarni Hálfðánarson fulltrúi foreldra og Gunnar Bragi Þorsteinsson fulltrúi grenndarsamfélagsins. Smári Hallgrímsson fulltrúi foreldra boðaði forföll og varamaður hans komst ekki.

Á þennan fund mættu einnig eftirfarandi forráðamenn: Ragnildur Sveinbjarnardóttir, Linda Björk Hilmarsdóttir, Kristjana S. Skúladóttir, Arnar Páll Gíslason, Ástrós Rún Sigurðardóttir

Fundargerð: María Ósk Ólafsdóttir.

Áður en gengið var til dagskrár bauð Hilmar alla fundarmenn velkomna á þennan 2. fund skólaráðs Stekkjaskóla sem er jafnframt opinn fundur fyrir forráðmenn og aðra aðila skólasamfélagsins. Einnig óskaði hann eftir því að fá að bæta inn einum lið er varðaði Maskínu starfsmannakönnun.

1. Kynning á fulltrúa grenndarsamfélagsins og öðrum fulltrúum

Hilmar kynnti fulltrúa grenndarsamfélagsins, Gunnar Braga Þorsteinsson, og bauð hann hjartanlega velkominn í skólaráð Stekkjaskóla og þakkaði honum fyrir að bregðast svona vel við kallinu. Gunnar er framkvæmdarstjóri TRS, sem er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni, fjarskiptum og rafmagni.

Einnig bauð hann varamann annarra starfsmanna, Bergdís Bergsdóttur stuðningsfulltrúa velkomna á fundinn í forföllum Soffíu Magnúsdóttur og kennarafulltrúann Eyrúnu Magnúsdóttur í forföllum Guðnýjar Láru Gunnarsdóttur.

Varamenn eru komnir fyrir fulltrúa foreldra en þeir eru: Pétur Aðalsteinsson formaður foreldrafélagsins, varamaður Guðjóns Bjarna Hálfðánarssonar og Eva María Pétursdóttir, varamaður Smára Halldórssonar.

Hilmar sagði jafnframt frá því að fulltrúar nemenda verða kosnir næsta haust.

Skólaráðsfulltrúar eru því eftirfarandi:

		Varamenn:
• Skólastjóri:	Hilmar Björgvinsson	Ástrós Rún Sigurðadóttir
• Fulltrúar kennara:	Guðný Láru Gunnarsdóttir	Eyrún Óskarsdóttir
	María Ósk Ólafsdóttir	Kristín Ragna Bergmann
• Fulltrúi annarra starfsmanna:	Soffía Magnúsdóttir	Bergdís Bergsdóttir
• Fulltrúar foreldra:	Guðjón Bjarni Hálfðánarson	Pétur Aðalsteinsson

Smári Hallgrímsson

Eva María Pétursdóttir

- Fulltrúi grenndarsamfélagsins Gunnar Bragi Þorsteinsson

Velja þarf varamann Gunnars Braga og óskaði Hilmar eftir tilnefningum. Engar tilnefningar komu og ætlar skólinn að fara í það að finna varamann.

2. Starfið í vetur og starfsáætlun

Skólstarfið hefur gengið mjög vel þrátt fyrir ýmsar áskoranir tengdar húsnæðismálum og Covid. Unnið hefur verið að stefnumótun skólans og áherslum í gegnum þróunarverkefnið „Stekkur til framtíðar“ undir leiðsögn Ingvar Sigurgeirssonar fyrrverandi prófessors menntavísindasvið og eigandi Skólastofunnar slf. Eftirfarandi verkefni og teymi hafa verið að störfum í vetur:

- Umhverfismál
 - Skóli á grænni grein - Útinám-Teymiskennsla og teymisvinna
- Skapandi skólastarf (Skapandi og fjölbreyttir kennsluhættir)
 - Handverk og listir - Fjörfiskur - Kór - Samþætting námsgreina-Teymiskennsla og teymisvinna
- Tækni og nýsköpun
 - Snillismiðja - Spjaldtölvur - Gagnvirkir skjáir - Forritun - Teymiskennsla og teymisvinna
- Skólabragur (Jákvæður skólabragur)
 - Uppeldisstefnur - Samskipti - Skólareglur - Eineltisáætlun - Hugrækt - Skólafærni (Lykilhæfni) -Teymiskennsla og teymisvinna

Auk þessa hafa ýmis fagteymi verið starfandi s.s. námskrár- og námsmatsteymi og matsteymi innra mat.

Við stofnun skóla eru verkefnin mörg sem þarf að vinna frá grunni. Þar má m.a. nefna starfsáætlun skólans sem er í vinnslu. Mikið af þeim upplýsingum sem þar verða eru á heimasíðu skólans. Á síðasta skólaráðsfundi var kynning á námsefniskynningum árganga og margt af því sem þar er fer í starfsáætlunina.

3. Áherslur næsta skólaárs

Taka vel á móti nýjum árgangi, 1. bekk og halda áfram að byggja upp öflugt skólastarf. Haldið verður áfram með þróunarverkefnið „Stekkur til framtíðar“. Hluti af því verkefni er að starfsmenn skólans ætla að fjölmenna á haustráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem haldin verður í Stapaskóla þann 12. ágúst. Yfirskrift ráðstefnunnar er: „*Með gleðina að leiðarljósi: Kennarar sem leiðtogar og brautryðjendur í skapandi starfi*“. Þar verða ýmsar kynningar á framsæknu skólstarfi og á þróunarverkefnum. Einnig verða málstofur og vinnusmiðjur og margt af því sem verður í boði rýmar við áherslu okkar skóla.

Á starfsdögum í ágúst verður m.a. einn dagur tileinkaður þróunarverkefninu þar sem fengin verða fræðsluerindi sem tengjast áhersluþáttum skólans s.s. um útinám, skólabrag, spjaldtölvur og tækni,

4. Starfsmannamál – breytingar

Ráðningum er að mestu lokið fyrir næsta skólaár. Alls sóttu 64 starfsmenn um 9 stöður. Eftirtaldir starfsmenn hafa verið ráðnir: Anna Margrét Ólafsdóttir, Heiðrún Jóhanna Heiðarsdóttir, Kolbrún Hauksdóttir, Ólöf Kristín K. Ásgeirsdóttir, Katrín Rut Sigurgeirsdóttir; Steinunn Elsa Bock, Bjarnadóttir, Leifur Viðarsson, Sævar Birnir Steinarsson og Jón Karl Jónsson.

Aðrar breytingar eru eftirfarandi: Margrét Sverrisdóttir umsjónarkennari lætur af störfum, Eyrún Óskarsdóttir umsjónarkennari fer í námsleyfi, Karen Dögg Baldvinsdóttir stuðningsfulltrúi fer í fæðingarorlof og María Ósk Ólafsdóttir sérkennari fer einnig í fæðingarorlof í byrjun skólaárs.

5. Maskínu starfsmannakönnun

Hilmar sagði gerði grein fyrir matsteymi skólans og kynnti lauslega niðurstöður úr starfsmannakönnun Maskínu sem var lögð fyrir í október til nóvember. Niðurstöðurnar komu mjög vel út og það sem kom verst út voru spurningar sem snéru að húsnæði og vinnuaðstöðu en vorum við á Bifröst þegar könnunin var gerð.

6. Skólapúlsinn – kynning á niðurstöðum úr foreldrakönnun

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar síðastliðnum. Niðurstöðurnar komu í heildina mjög vel út. Þau svör sem komu ekki nógu vel út eða matsteymið vill vinna með fara til umræðu á kaffihúsafundi og í framhaldinu verður gerð umbótaáætlun.

7. Kaffihúsafundur um innra mat skólans

Næstkomandi miðvikudag, 18 maí kl. 13:30-15:30, stendur matsteymi Stekkjaskóla fyrir kaffihúsafundi um innra mat skólans. Þátttakendur verða starfsmenn og forráðamenn. Rýnt verður í niðurstöður úr starfsmannakönnun Maskínu og foreldrakönnun Skólapúlsins. Þátttakendum verður skipt upp í sex hópa með u.þ.b. 5-6 þátttakendum í hverju hópi. Hver hópur fer á sex stöðvar/stofur þar sem ræða á ákveðnar niðurstöður sem komu ekki nógu vel út, greina og koma með hugmyndir að umbótum. Matsteymið tekur síðan tillögurnar saman og býr til umbótaáætlun sem unnið verður eftir á næsta skólaári.

8. Önnur mál

- Umræða um foreldrasamstarf og mikilvægi þess.

Fundi slitið kl. 17:49

MÓÓ/HB

Fylgiskjöl:

Niðurstöður úr Maskínu könnun - starfsmannakönnun

Niðurstöður úr Skólapúlsinum - foreldrakönnun